

# Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand

## Viðtöl við hagaðila

### SAMANTEKT

Hugrún Harpa Reynisdóttir

Nýheimar þekkingarsetur

Júní 2019

## Contents

Inngangur .....	2
Helstu niðurstöður .....	3
Landnýting .....	3
Verndun svæðisins .....	5
Álag .....	5
Verndargildi svæða .....	7
Viðkvæm svæði .....	8
Gildi svæðisins .....	8
Árekstrar .....	9
Viðbragðsaðilar .....	10
Leiðarljós Stjórnunar- og verndaráætlunar .....	11
Helstu áhrifavaldar .....	11
Lokaorð rannsakanda .....	12

## Inngangur

Samkvæmt lögum um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 er eitt af hlutverkum svæðisráða þjóðgarðsins að hafa yfirumsjón með gerð tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir viðkomandi svæði. Breiðamerkursandur tilheyrir suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og er það því hlutverk svæðisráðs á suðursvæði að vinna tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Svæðisráð fékk sér til samstarfs ráðgjafateymi sem samanstendur af Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Hornafirði, Náttúrustofu Suðausturlands og Nýheimum þekkingarsetri.

Samantekt þessi er unnin af Nýheimum þekkingarsetri sem sér um samráðshluta verkefnisins, þar með talið framkvæmd viðtala, rýnihópa og kynningarfunda. Í fyrsta þrepi samráðsins voru framkvæmd 24 viðtöl við hagaðila og verður hér gert grein fyrir megin niðurstöðum þess hluta samráðsins. Markmið viðtalanna var að afla upplýsinga um gildi svæðisins fyrir ólíka hagaðila. Hagaðilar eru hér skilgreindir sem þeir aðilar sem nýta og/eða njóta svæðisins á hvern þann hátt sem mögulegt er. Í viðtölunum var leitað eftir viðhorfum viðmælendanna sjálfra til gildis, nýtingar og verndunar svæðisins sem um ræðir. Kort voru höfð til hliðsjónar og viðmælendur beðnir um að merkja inn á þau eftir þörfum.

Ráðgjafahópurinn, í samráði við svæðisráð suðursvæðis, skilgreindi helstu hópagaðila fyrir þennan samráðshluta verkefnisins. Á fundi svæðisráðs 19. desember 2018 voru jafnframt valdir aðilar (fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar) úr hinum ólíku hópum hagaðila, sem skyldu eiga fulltrúa í viðtölum. Rannsakandi hafði samband við tengiliði þessara hagaðila og óskaði eftir tilnefningu einstaklings sem skyldi vera þeirra fulltrúi í viðtali. Viðtölin voru tekin á tímabilinu janúar - maí 2019, voru þau hljóðrituð og að lokinni afritun voru megin þemu þeirra greind.

### Helstu niðurstöður

Miðað við hversu fjölbreyttan hópagaðila var rætt við er áhugavert að sjá hversu greinileg þemu koma fram í gögnunum. Einnig er áhugavert að sjá hversu sammála hinir ólíku hagaðilar eru um ýmsa þætti er snerta svæðið. Hér í þessari stuttu samantekt verður farið yfir megin niðurstöður viðtalanna og greint frá helstu áherslum er þar komu fram.

### Landnýting

Í viðtölum var spurt um landnýtingu og voru viðmælendur beðnir um að merkja inn á kort þau svæði sem þeir nýta, hvort sem það er í tengslum við starf eða frístundir. Gögn rannsakanda endurspegla að ákveðin svæði skera sig úr hvað varðar nýtingu á svæðinu. Á meðan ákveðin nýting á svæðinu, svo sem útivist, búfjárbætur og atvinnurekstur í ferðaþjónustu, kemur ítrekað fram í gögnum þá kemur önnur nýting sjaldnar fram.

Jökulsárlón er eitt þeirra svæða sem er oftast nefnt og eðli málsins samkvæmt er umræða um nýtingu ferðaþjónustunnar á svæðinu fyrirferðarmikil. Nokkur umræða var um siglingar á Jökulsárlóni og voru viðmælendur sammála um mikilvægi þess að fjöldi báta og aðila sem nýta lónið til siglinga verði að vera hóflegur. Fram kom að þrátt fyrir að lónið sé stórt þá séu menn að nýta aðeins lítinn hluta þess í siglingar með ferðamenn. Mikilvægi þekkingar til siglinga á lóninu, siglingar einkaaðila sem koma á lónið með eigin búnað og þörf fyrir reglur og hæfniskröfur fyrir þá aðila sem eru að sigla á lóninu var meðal þess sem nefnt var af viðmælendum sem ræddu málefnið. Viðmælendur sem eru búsettir á svæðinu virðast ekki nýta Jökulsárlón og nærumhverfi þess mikið til afþreyingar en þá helst þegar tekið er á móti gestum.

Breiðamerkurjökull er megin athafnasvæði flestra ferðapjónustuaðila sem eru með starfsemi á svæðinu. Íshellaferðir, jöklagöngur og ferðir á vélknúnum tækjum á jökul koma því ítrekað fram. Mest er fjallað um tvö megin athafnasvæði á jökli, vestursvæði og austursvæði (vestan og austan Jökulsár), en svæðin virðast fremur ólík þegar horft er til nýtingar ferðapjónustuaðila. Ferðir á þessi tvö svæði virðast í eðli sínu ólíkar og skýrist það af stórum hluta af ólíku aðgengi vélknúinna tækja að svæðunum en einnig af hugmyndum starfandi aðila um svæðin sem slík.

Í umfjöllun um vesturhluta Breiðamerkurjökuls lýsa viðmælendur svæðinu gjarnan með vísan í gott aðgengi að jökli og nokkuð mikið frelsi þegar kemur að athafnasemi ferðapjónustuaðila á svæðinu. Fram kemur að ásókn í svæðið sé mikil og eru viðmælendur sammála um að þörf sé á auknu skipulagi og stjórnun til að bæta ástandið sem mörgum þykir óviðunandi. Flestir viðmælenda telja að tryggja skuli aðgengi að jökli á þessum stað og er sú skoðun sameiginleg ólíkum hópum hagaðila. Sem dæmi kom tryggt aðgengi að jökli fram í umræðu um atvinnustarfsemi á jökli, fyrir útivistarfólk sem nýtur þess að fara á jökul og einnig í tengslum við öryggismál á svæðinu. Það er því ljóst að gott aðgengi að jöklinum vestan megin Jökulsár hefur margvíslegt gildi fyrir ólíka hópa.

Umfjöllun um austursvæði jökulsins var á talsvert öðrum nótum, af ummælum viðmælenda að dæma þá vegur þar þyngst að mun færri aðilar eru með ferðir á því svæði. Gengið er að jöklinum á þessu svæði en ekki farið á bílum á jökul líkt og er vestan megin. Ferðirnar eru því í eðli sínu ólíkar þeim sem eru á vestursvæðinu. Meðal þeirra sem starfa á svæðinu virðist vera talsverður stuðningur við þá hugmynd að svæðin séu og skulu vera ólík. Jöklagöngur, ísklifur og íshellaskoðun eru dæmi um ferðir sem farið er í á austursvæðinu. Svæðið virðist enn fremur, í margvíslegu samhengi, mörgum viðmælendum nokkuð hugleikið.

Stemmuvötn, af sumum viðmælendum kölluð Breiðamerkurvötn, eru talsvert vinsælt svæði og þá sérstaklega meðal þeirra viðmælenda sem eru búsettir á svæðinu. Vötnin eru greinilega vinsælt svæði til útivistar hvers konar. Silungsveiði í vötnunum er vinsæl afþreying og nefna margir mikilvægi þess að loka ekki þessu svæði aða útiloka veiði en vilja um leið tryggja að veiði sé hófleg. Nokkuð skiptar skoðanir eru um hvort bæta eigi aðgengi að vötnunum eða hafa aðgengi óbreytt. Vötnin eru greinilega í hugum viðmælenda einstakt svæði og gildi þeirra

mikið sem endurspeglast meðal annars í því að umræða um aðgengi að vötnunum einkenndist af hugmyndum um hvernig svæðið verði best verndað og komið í veg fyrir of mikið álag á náttúru þess.

Breiðamerkursandur er nýttur til búfjárbætur beggja vegna Jökulsár, vestan Jökulsár beita bændur annars vegar sandinn og hins vegar Breiðamerkurfjall. Viðmælendur úr ólíkum hópum hagaðila telja að sú beit sem verið hefur á því svæði hafi ekki valdið skaða. Austan Jökulsár er búfé einnig beitt á sandinn en bændur lýsa áhyggjum sínum af svæðinu vegna þess ágangs sem það verður fyrir af öðrum grasbítum, þá sérstaklega helsingja og hreindýrum. Grenjaleit hefur verið stunduð á svæðinu til margra ára og er hún mikilvægur hluti af allri umræðu um búfjárbætur og dýralíf á svæðinu.

Svæðið hefur talsvert verið nýtt til rannsókna og kennslu, viðmælendur sem hafa starfað við rannsóknir á svæðinu lýsa því sem einstöku svæði til ýmis konar rannsókna, svo sem rannsóknir á náttúrufari, framvindu gróðurs og þróun vistkerfa. Svæðið hefur einnig mikið verið nýtt til jöklarannsókna og er sú saga löng. Svæðið er mikils metið af því vísindafólki sem rætt var við og telja viðmælendur að tækifæri séu til enn frekari rannsókna á svæðinu.

Þegar rætt er um landnýtingu á svæðinu koma nokkrir viðmælendur inn á hvernig megi nýta svæðið betur. Hvernig dreifa megi þunganum á fleiri svæði en um leið hafa góða stjórn á því hvert verið er að vísa fólki. Fjalllendið austan Jökulsár er oftast nefnt sem svæði sem nýta mætti betur, bæði vegna sérstöðu þess hvað varðar landslag en einnig vegna sögu svæðisins.

### Verndun svæðisins

Spurningar sem fjölluðu um verndun svæðisins voru þrjár:

- Telur þú að einhver hluti svæðisins hafi orðið fyrir skaða eða verið undir meira álagi en annar undanfarin ár eða áratugi?
- Finnst þér einhver hluti svæðisins hafa meira verndargildi en önnur?
- Eru einhverjir hlutar svæðisins sérstaklega viðkvæmir að þínu mati og af hverju?

### Álag

Nokkuð skiptar skoðanir eru um það hvort svæðið og náttúra þess hafi orðið fyrir skaða. Skýrist það af einhverju leyti af því að viðmælendur eru ekki heldur sammála um hvort landið sé viðkvæmt eða harðgert. Sumir viðmælendur telja að svæðið hafi virkilega látið á sjá á meðan

aðrir telja að ekki hafi orðið varanlegt tjón á náttúru þess. Þegar viðmælendur horfa á svæðið sem heild eru þeir flestir sammála um að svæðið hafi orðið fyrir merkilega litlum skaða miðað við þá umferð sem er um það. Hins vegar þegar viðmælendur fara að tala um einstök svæði, atriði eða umgengni þá koma frekar fram skoðanir sem bera með sér að viðmælendur upplifi í raun að landið hafi látið á sjá.

Umræða um utanvegaakstur og slóða er áberandi þegar rætt er um álag á svæðinu. Utanvegaakstur út frá þjóðveginum og ýmsum slóðum er algengur, einnig kemur fram að utanvegaakstur sé sérstaklega algengur við vötnin og út frá veginum inn í Þröng. Á þessum tveimur svæðum er einnig talað um að æ fleiri gönguslóðar séu að myndast sem hafi áhrif á ásýnd landsins. Vegslóði að jökli vestan Jökulsár var einnig nefndur þegar rætt var um utanvegaakstur, hefur hann breikkað mikið og á ákveðnum hlutum hans er verið að „keyra út og suður“ eins og einn viðmælandi orðaði það. Allir viðmælendur eru sammála um mikilvægi þess að sporna við utanvegaakstri, sama hvort það er af hálfu fyrirtækja eða ferðamanna sem fara um svæðið.

Allir viðmælendur gerðu vegslóða að umtalsefni og í flestum tilfellum var umræða um slóða fremur fyrirferðarmikil. Viðmælendur voru nær allir sammála um að of margir slóðar séu á svæðinu, vegna þeirra verði svæðið fyrir auknu álagi og skaða. Viðmælendur leggja áherslu á mikilvægi þess að stýra umferð betur, kortleggja þurfi slóða og taka ákvörðun um hvort og hvaða slóðum skuli halda opnum, hverjum skuli loka og hverja skuli bæta. Á meðan sumir telja rétt að hafa fáa og góða vegi á svæðinu og hreinlega loka öðrum slóðum vilja aðrir meina að í raun sé ágætt að hafa slóða ekki of greiðfæra.

Þjónustusvæði umhverfis Jökulsárlón er það svæði sem oftast er af viðmælendum merkt sem álagssvæði, er þá átt jafnt við svæðið fyrir ofan og neðan þjóðveg. Flestir viðmælenda eru sammála um að svæðið hafi verulega látið á sjá vegna ágangs ferðamanna og að innviðir þar anni ekki þeim fjölda sem kemur á svæðið.

Íshellasvæði vestan megin Jökulsárlóns var af nokkrum nefnt sem álagssvæði og var þá vísað til þeirrar miklu umferðar sem er um svæðið. Hins vegar voru flestir á því að það svæði yrði ekki fyrir miklum skaða vegna þessarar umferðar, að vegslóðanum sjálfum undanskildum.

Landbrot við farveg Jökulsár er mörgum áhyggjuefni, svæðið er að mati viðmælenda undir álagi sem hluti af gestasvæði við Jökulsárlón en einnig af náttúrunnar völdum.

#### Verndargildi svæða

Í umræðu um verndargildi sérstakra hluta svæðisins kom ítrekað fram að svæðið hefði verndargildi sem ein heild. Það væri því erfitt að skipta því niður til þess að segja eitthvað eitt mikilvægara en annað á svæðinu. Það er því mikill stuðningur við verndun svæðisins í heild en um leið voru nokkur svæði sem komu meira fram í umræðunni en önnur.

Breiðárlón er eitt þeirra svæða sem viðmælendur nefna hvað oftast sem svæði sem ætti að vernda. Vísað er til þess að þetta sé eina lónið, af þeim stóru, á svæðinu þar sem ekki er komin af stað atvinnustarfsemi og í því felist ákveðin tækifæri og verðmæti.

Breiðamerkurfjall er einnig mikið nefnt í þessu samhengi. Viðmælendur eru almennt sammála um að fjallið skuli vera lokað fyrir almennri umferð eins og verið hefur. Vísa viðmælendur til þess að fjallið hafi gildi sem einstakt landslag og svæði sem er ósnortið og fyrir það verðmætt. Þessi skoðun er ríkjandi meðal hinna ólíku haghópa og sama má segja um umræðu um Breiðárlón.

Skúmey var af nokkrum viðmælendum merkt sem svæði sem ætti að vernda sérstaklega. Viðmælendur sem nefndu Skúmey telja að hana eigi að vernda, sem varpsvæði og einnig vegna rannsóknagildis eyjunnar. Svæði framan við skriðjökla þykir einnig hafa verndargildi á sömu forsendum, sem land að koma undan jökli og einstakur vettvangur til ýmissa rannsókna.

Viðmælendum var tíðrætt um Stemmuvötn og mikill stuðningur virðist vera við verndun þeirra. Þá var sérstaklega, eins og komið hefur fram, rætt um mikilvægi hóflegrar nýtingar og hvernig skuli haga aðgengi að vötnunum. Viðmælendur eru sammála um að ekki skuli alfarið loka svæðinu en hins vegar koma fram hugmyndir um að mögulega ætti ekki að bæta aðgengi svo mikið að svæðið verði fyrir of miklum ágangi ferðamanna. Fáir eru þeirrar skoðunar að útiloka skuli með öllu vélknúna umferð um þetta svæði en þó kom það sjónarmið fram.

Braggi Jökларannsóknafélags Íslands (Breiða) er af nokkrum nefndur en hann þykir hafa mikið sögulegt gildi á svæðinu.

Athygli vekur að nær enginn nefnir að vernda þurfi Jökulsárlón sérstaklega. Þegar viðmælendur ræða um álag á svæðinu við Jökulsárlón nefna þeir að mikilvægt sé að fara í aðgerðir og bregðast við því. Vitanlega er með því um leið sagt að vernda eigi svæðið en þegar spurt var um svæði til að vernda sérstaklega þá er Jökulsárlón ekki nefnt. Aðeins einn viðmælandi kom að því svæði og var þá sérstaklega rætt um selina í samhengi við lífríkið á svæðinu.

#### Viðkvæm svæði

Þegar rætt er um svæðið út frá því hvort það sé viðkvæmt, eða ákveðin svæði viðkvæmari en önnur, er áhugavert að sjá hversu ólíkar skoðanir komu í ljós. Í raun má segja að þetta hafi verið það atriði sem viðmælendur voru síst sammála um. Mjög misjöfn sjónarhorn koma fram, sumir telja svæðið í heild sinni viðkvæmt en aðrir vilja meina að svæðið sé harðgert. Enn aðrir vilja meina að svæðið sé harðgert með einstaka viðkvæm svæði innan um. Umræða um viðkvæm svæði fór talsvert saman með umræðu um verndargildi sérstakra svæða.

Líkt og í umræðu um verndargildi svæða þá er nýtt land sem er að kom undan jökli af mörgum nefnt sem viðkvæmt svæði. Stemmuvötn og Skúmey eru einnig svæði sem nefnd eru sem viðkvæm svæði. Breiðamerkurfjall var aðeins af einum viðmælanda nefnt sem viðkvæmt landsvæði en var af mun fleirum merkt sem svæði með sérstakt verndargildi. Styður það við að verndargildi fjallsins virðist í hugum flestra fyrst og fremst felast í því hversu ósnortið það er miðað við önnur svæði í nágrenni þess.

#### Gildi svæðisins

Viðmælendur voru spurðir um gildi svæðisins:

- Er einhver hluti svæðisins sérstaklega mikilvægur fyrir þig persónulega og af hverju?
- Er einhver hluti svæðisins sérstaklega mikilvægur óháð þínum hagsmunum og af hverju?

Viðmælendur eru sammála um að svæðið hafi mikið gildi af ýmsum ástæðum. Ákveðin svæði eru tilgreind af viðmælendum sem svæði sem hafa sérstakt gildi fyrir þá persónulega. Skiljanlega nefna margir í þessu samhengi þau svæði sem þeir eru með einhvers konar atvinnutengda nýtingu eða starfsemi á. Hér verður fjallað um þau svæði sem viðmælendur nefna helst og lýsa sem mikilvægum vegna annarra hluta en eigin nýtingar. Áhugavert er að



viðmælendur búsettir á svæðinu upplifa að svæðið hafi í sjálfu sér ákveðið tilfinningalegt gildi fyrir þá.

Jökulsárlón er það svæði sem viðmælendur nefna oftast sem svæði sem hafi ákveðið gildi óháð þeirra eigin hagsmunum. Gildi Jökulsárlóns fyrir ferðapjónustuaðila á svæðinu, sem einstök náttúruperla og aðdráttarafl í Sveitarfélaginu Hornafirði, var meðal þeirra raka sem viðmælendur höfðu fyrir gildi þess.

Stemmuvötn/Breiðamerkurvötn er það svæði sem er nefnt af flestum sem svæði sem hefur persónulegt gildi án þess að viðmælendur séu að nýta það fyrir atvinnurekstur. Greinilegt er að viðmælendur sem eru búsettir í næsta nágrenni svæðisins, og aðrir íbúar sveitarfélagsins, nýta svæðið mikið til ýmiskonar útivistar og afþreyingar.

Einstök náttúrufegurð og ósnortin náttúra gefur Breiðamerkurfjalli einstakt gildi í hugum margra. Önnur svæði voru sjaldnar nefnd í þessu samhengi en nokkur áhersla var á gildi svæðisins alls fyrir rannsóknir og fræðslu. Fram kemur að rannsakendur, íslenskir sem erlendir, hafi í gegnum tíðina stundað rannsóknir á svæðinu sem þykir fyrir margt einstakt. Þá er einnig nefnt að svæðið sem heild hafi ákveðið gildi vegna dýralífs. Viðmælendum var þá nokkuð tíðrætt um sögulegt gildi svæðisins og koma sögur og sagnir víða við í umræðu viðmælenda. Ljóst er að saga mannlífs á svæðinu er mikil og mörg tækifæri til þess að miðla sögu um samlíf manns og náttúru á þessu svæði. Vísa viðmælendur á hin ýmsu svæði sem hafa að geyma áhugaverða og langa sögu og vilja viðmælendur sjá ríkri sögu svæðisins miðlað innan þjóðgarðsins.

### Árekstrar

Viðmælendur voru spurðir útí árekstra við nýtingu og vernd svæðisins:

- Hefur þú orðið var/vör við árekstra í tengslum við nýtingu og eða vernd svæðisins?
- Sérðu fyrir þér hættu á auknum árekstrum í nánustu framtíð?
- Hvernig væri helst hægt að fyrirbyggja eða lágmarka árekstra af þessum toga?

Viðmælendur höfðu fæstir orðið varir við árekstra í tengslum við nýtingu og vernd svæðisins. Aftur á móti gátu viðmælendur frekar séð fyrir sér að síðar ætti eftir að koma til frekari árekstra

á svæðinu. Þar var ekki aðeins fjallað um árekstra nýtingar og verndar, heldur einnig árekstra milli ólíkrar nýtingaraðila á svæðinu.

#### Viðbragðsaðilar

Tekin voru viðtöl við viðbragðsaðila, undir þá voru bornar allar þær sömu spurningar og hér hefur að framan verið fjallað um. Auk þeirra voru bornar upp nokkrar spurningar sem voru sérstaklega tengdar störfum þeirra á svæðinu.

- Hefur þú í þínu starfi þurft að hafa afskipti af svæðinu og/eða gestum þess?
- Á hvaða hluta svæðisins hefur helst komið til afskipta? (kort)
- Hvers eðlis hafa þær athafnir verið sem helst hefur þurft að hafa afskipti af?
- Sérðu fyrir þér að koma muni til aukinna afskipta á þessu svæði?

Fram kemur í máli viðbragðsaðila að þeir hafi þurft að hafa talsverð afskipti af svæðinu og gestum þess og hafi það stóraukist með gríðarlegri fjölgun ferðamanna síðustu ár. Utanvegaakstur, slys á fólki og afskipti af ferðamönnum sem hafa komið sér í ógöngur á svæðinu eru helstu viðfangsefni þeirra. Viðbragðsaðilar eru sammála um að svæðið verði ávallt „heitur reitur“ þar sem búast megi við að það verði alltaf einn af megin áfangastöðum ferðamanna sem koma í landshlutann.

Spurt var um öryggismál á svæðinu:

- Á hvaða svæðum er öryggi helst ábótavant?
- Hvernig væri helst hægt að bæta öryggi á svæðinu?

Viðbragðsaðilar leggja mesta áherslu á þrjú svæði; íshellasvæðin tvö og svo þjónustusvæðið við Jökulsárlón og Fellsfjöru, þar sem mestur fjöldi ferðamanna er.

Í umræðu um þjónustusvæðið benda viðbragðsaðilar á nálægðina við jökullónið. Leggja þeir áherslu á mikilvægi þess að landverðir hafi þekkingu og nauðsynlegan búnað til að geta komið fólki til aðstoðar ef til þess kemur. Viðbragðsaðilar gera einnig göngustíga að umtalsefni og leggja ríka áherslu á mikilvægi þess að bæta göngustíga á svæðinu til að auka öryggi gesta.

Í umræðu um íshellasvæðin benda viðbragðsaðilar á að samræmda viðbragðsáætlun skorti á svæðinu. Áætlun sem taki á heildstæðan hátt á öllum þáttum og viðbrögðum

allra aðila er koma að svæðinu. Áætlun sem skilgreini viðbrögð starfsfólks þjóðgarðsins, fyrirtækja er starfa á svæðinu, viðbragðsaðila og annarra er kunna að koma að málum ef alvarlegt slys yrði á svæðinu.

Viðbragðsaðilar gerðu enn fremur aðgengismál að Breiðamerkurjökli austan megin að umtalsefni sínu. Lýstu þeir áhyggjum sínum af því að aðgengi, að svæði þar sem verið er að fara með fjölda ferðamanna hvern dag, sé ekki betra en raun er. Aðgengismál voru einnig nefnd sem lykilatriði í umræðu um mögulega náttúruvá á svæðinu.

### Leiðarljós Stjórnunar- og verndaráætlunar

Viðmælendur voru spurðir um hvert skuli vera megin leiðarljós vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Einnig var spurt hvernig viðmælendur vildu sjá svæðið þróast á næstu 10 árum og hvaða helstu áskoranir og tækifæri væru fyrir hendi.

Stýring umferðar var sérstaklega áberandi í umræðu viðmælenda sem eru sammála um að það ætti að vera eitt af megin leiðarljósum stjórnunar- og verndaráætlunar. Leggja viðmælendur áherslu á að þannig megi best vernda svæði sem æskilegt er að vernda og einnig draga úr óþarfa álagi á náttúru svæðisins af völdum ágangs ferðamanna.

Að náttúran fái að þróast eins laus við áhrif manna og mögulegt er, aukin fræðsla og uppbygging þjónustusvæðis eru dæmi um önnur atriði sem voru nefnd sem mikilvæg megin leiðarljós vinnunnar.

### Helstu áhrifavaldar

Viðmælendur voru spurðir:

- Hvaða þættir eða öfl telur þú að muni valda mestum breytingum á svæðinu á næstu 10 árum?

Náttúran, maðurinn og Vatnajökulspjóðgarður eru í hugum viðmælenda þau öfl sem munu hafa mest áhrif á svæðið til framtíðar. Flestir viðmælenda eru sammála um að náttúruleg öfl hafi og muni áfram hafa gríðarleg áhrif á framvindu svæðisins. Sumir viðmælenda nefna að maðurinn muni hafa áhrif á svæðið. Ágangur manna á svæðið geti þannig haft talsverð áhrif en einnig ytri þættir í samfélaginu sem geti haft áhrif á hversu margir ferðamenn koma inn á svæðið. Vatnajökulspjóðgarður er einnig nefndur en viðmælendur telja að aðgerðir hans og ákvarðanir geti haft gríðarleg áhrif á það hvernig svæðið muni þróast til framtíðar.

## Lokaorð rannsakanda

Þau gögn sem hér hefur verið fjallað um byggja á fjölda viðtala við hagaðila er nýta eða njóta svæðisins sem um ræðir. Sá samhljómur sem einkennir gögnin verður að teljast vísbending um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem koma fram. Ábendingar og áherslur viðmælenda hafa verið nýttar í vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Breiðamerkursand. Vill ráðgjafahópur verkefnisins og svæðisráð suðursvæðis þakka viðmælendum fyrir þátttöku þeirra í viðtölunum.